

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 og  
Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

### FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 22. mars 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu innlána. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirfærslu innlána á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem var tímafrekara en ætlað var. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirfærslu innlána Sparisjóðabanka Íslands hf. til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands. Með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 24. mars 2009 og 31. mars 2009 var talin þörf á að framlengja frestinn á yfirfærslu innlána enn frekar á grundvelli sömu sjónarmiða. Þar sem enn eru tæknileg vandkvæði til staðar telur Fjármálaeftirlitið þörf á frekari framlengingu. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 7. tl. fyrri ákvörðunar.


### ÁKVÖRÐUN:

Yfirfærsla innlána samkvæmt ofangreindu fer fram eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 24. apríl 2009. Framsal krafna vegna endurgjalds skv. 5. tl. ákvörðunarinnar skal fara fram eigi síðar en kl. 16.00 mánudaginn 27. apríl 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

### FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

7. apríl 2009



Gunnar Haraldsson  
formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason  
forstjóri